

## AUGLÝSING um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

### *Breiðahvarf 4a. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 23. maí 2017 breytt deiliskipulag fyrir Breiðahvarf 4a. Í breytingunni felst að byggingarreitur 1. hæðar stækkar til suðurs. Eftir breytingu verður grunnflötur hússins  $170\text{ m}^2$  í stað  $150\text{ m}^2$ . Lengd bygg- ingarreits eykst úr  $13\text{ m}$  í  $17\text{ m}$  auk þess sem svalir fara  $1,3\text{ m}$  út úr byggingarreit á suðurgafli og vesturhlið. Gert er ráð fyrir svöldum á þaki bílgeymslu og að þak hússins verði einhalla í stað þess að vera flatt.

Málsmeðferð var skv. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

### *Gulabing 19. Breytt deiliskipulag.*

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010, samþykkti bæjarstjórn Kópavogsbæjar þann 9. maí 2017 breytt deiliskipulag fyrir Gulabing 19. Í breytingunni felst að í stað einbýlishúss á tveimur hæðum verður heimilt að byggja einbýlishús á einni hæð, liðlega  $190\text{ m}^2$  að grunnfleti. Fyrirhuguð bygging mun jafnframt ná um  $50\text{ sm}$  út úr innri byggingarreit til vesturs, um  $3\text{ m}$  út úr innri bygg- ingarreit til suðurs og norðurs. Aðkomuhæðir breytast þannig að fyrir bílskúr er gólfkóti áætlaður  $89,80\text{ m}$  yfir sjávarmáli, fyrir anddyri  $90,65\text{ m}$  yfir sjávarmáli og fyrir íbúð  $91,84\text{ m}$  yfir sjávarmáli.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga. Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Kópavogi, 1. júní 2017.*

**Birgir Hlynur Sigurðsson** skipulagsstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 2. júní 2017